

er, að fram séu lögð, hafa því ekki þýðingu fyrir það, og verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Úrskurð þenna kvað upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti.

Því úrskurðast:

Krafa stefnanda um framlagningu framangreindra skjala verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 13. apríl 1951.

Kærumálið nr. 5/1951.

**Emil og Ögn Randrup**

gegn

**Helga Emil Eysteinssyni og**

**Magnúsi Randrup**

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson og  
próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns  
Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hall-  
varðssonar.

Vitni ekki látið staðfesta vætti sitt með eiði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Björn Ingvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 20. febrúar þ. á., er hingað barst 19. marz þ. á., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Hafnarfjarðar, uppkveðnum 20. febr. þ. á., í bæjarþingsmálinu: Magnús Randrup gegn Emil og Ögn Randrup, en með úrskurði þessum var þess synjað, að varnaraðilinn Helgi Emil Eysteinsson staðfesti vitnaskýrslu sína í málinu með eiði.

Sóknaraðilinn Ögn Randrup krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að heimilað verði, að varnaraðilinn Helgi Emil Eysteinsson vinni eið að framburði sínum. Svo krefst hún og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans Magnúsar Randrups eftir mati Hæstaréttar. Frá sóknaraðilj-

anum Emil Randrup hefur Hæstarétti ekki borizt greinargerð né kröfur.

Af hálfu varnaraðilja Magnúsar Randrups er þess krafizt, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðiljanum Ögn Randrup verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er hvorttveggja, að varnaraðilinn Helgi Emil Eysteins-son hefur reynzt óstöðugur í framburði sínum og að fyrrgreint bæjarþingsmál skiptir hann sjálfan og nána venzla-menn hans fjárhagslegu máli. Verður því að telja varhuga-vert, að hann staðfesti vætti sitt með eiði, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt að taka til greina kröfu varnaraðiljans Magnúsar Randrups um kærumálskostnað úr hendi sóknaraðiljans Agnar Randrups, og ákveðst hann kr. 200.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðilinn Ögn Randrup greiði varnaraðiljanum Magnúsi Randrup kærumálskostnað kr. 200.00 að við-lagðri aðför að lögum.

### Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 20. febrúar 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 20. febrúar, kl. 15, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar er haldið var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta uppkveðinn úrskurður í ofangreindu máli, er tekið var til úrskurðar 9. þ. m.

Í réttarhaldi í bæjarþingi Hafnarfjarðar 9. þ. m. krafðist Magnús Thor-lacius hrl., er þar mætti fyrir bæði hin stefndu, að vitninu Helga Emil Eysteinssyni verkamanni, Öldugötu 3 A, Hafnarfirði, yrði leyft að vinna eið að framburði sínum, er þá var gefinn fyrir bæjarþinginu.

Lögmaður stefnanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., hafði mótmælt framburði vitnisins sem óstaðfestum og mótmælt, að vitnið fengi að vinna eið að framburði sínum, þar sem það hefði borið með tvennum hætti í málinu.

Atriðið var þá lagt í úrskurð dómarsins.

Málsatvik eru þessi í aðalatriðum:

Með stefnu 1. okt. s.l. höfðar stefnandi, Magnús Randrup málari, Vita-stíg 7, Hafnarfirði, mál þetta á hendur foreldrum sínum, þeim Emil Ran-

drup málarameistara, Öldugötu 3 A, Hafnarfirði, og konu hans, Ögn Guðmundsdóttur Randrup, til heimilis s. st.

Réttarkröfur stefnanda eru:

Að viðurkenndur verði með dómi bæjarþingsins eignarréttur hans að hálfri húseigninni nr. 3 A við Öldugötu, Hafnarfirði, með öllu múrföstu og naglföstu og tilheyrandi leigulöð og mannvirkjum og öllu, sem eigninni fylgir.

Að stefndu, Emil Randrup og Ögn Randrup, verði dæmd til að fá stefnanda í hendur vörzlur umræddrar eignar hans.

Að stefndu verði bæði fyrir annað og annað fyrir bæði dæmd til þess að greiða honum að skaðlausu allan kostnað sakarinnar.

Stefndu hafa bæði krafist sýknu og greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Áður en mál þetta var höfðað fyrir bæjarþinginu, hafði stefnandi höfðað fógetaréttarmál á hendur móður sinni, meðstefndri Ögn Randrup, um að hann yrði settur inn í vörzlur „eignar sinnar,“ hálftrar húseignarinnar Öldugötu 3 A, Hafnarfirði. Mál þetta var hafið, er til munnlegs málflutnings kom, og er nú rskj. 3 í máli þessu.

Árið 1945 hóf meðstefndi Emil Randrup að reisa íbúðarhúsið Öldugötu 3 A, Hafnarfirði, og við smíði hússins vann stefnandi, sem þá var málarsveinn hjá föður sínum. Var hann þá seytján ára. Meðstefndi Emil Randrup segir, að svo hafi verið um talað í upphafi, að þeir feðgar skyldu eiga sinn helminginn hvor í húsinu, að því tilskildu, að stefnandi uppfyllti nokkur skilyrði, er meðstefndi Emil Randrup segir hann ekki hafa uppfyllt. Meðstefndi frú Ögn Randrup hafði fjárráð sonar síns, stefnanda, á þessum tíma. Segir hún, að honum hafi verið greidd vinnulaun hans við húsbygginguna, en 10.000.00 krónur tók hún úr sparisjóðsbók, er stefnandi átti og var í vörzlu hennar. Fé þetta fór til efniskaupa við húsbygginguna.

Eftir að smíði hússins var að mestu lokið, bjó stefnandi ásamt heitkonu, síðar eiginkonu, í húsinu, hafði þar tvö herbergi og eldhús á stofuhæð, en stefndu bjuggu einnig á hæðinni, en höfðu eldhús í kjallara. Vorið 1947 fór stefnandi norður á síld, en kona hans í sveit austur á Rangárvelli. Haustið 1947 flutti hálfbróðir stefnanda og sonur frú Agnar Randrups, Helgi Emil Eysteinnsson, til Hafnarfjarðar og settist að í áminnztu húsi. Var þá í fyrstu umtalað milli hans og stefnanda, að hann keypti hálfhúsið Öldugötu 3 A, en hætti við það vegna fjárskorts. Hins vegar greiddi hann stefnanda kr. 10.000.00, er hann segir í réttarhaldi 13. júlí s.l., að hafi átt að vera fyrirfram greidd leiga til stefnanda, eins og segir í réttarbókinni, en í staðfestu eftirriti úr fógetabókinni hafði svarið brenglazt.

Í bæjarþingi Hafnarfjarðar 9. þ. m. hefur vitnið Helgi Emil Eysteinnsson sagt, að leiga þessi hafi verið greidd samkvæmt samkomulagi milli hans og meðstefnda Emils Randrups og stefnanda.

Vitnið segir, að leigugreiðsla hafi verið af þess hálfu til Emils Randrups eftir íbúð hans, en féð greitt stefnanda, en stefnandi þurfti að borga fyrirfram húsaleigu til þess að komast í íbúð þá, er hann hefur nú.

Meðstefndi frú Ögn Randrup hefur haldið fram, að nefnd greiðsla til stefnanda hafi átt að vera lokagreiðsla til stefnanda fyrir það, er hann hafði lagt til byggingar hússins.

Fjárfélag er með þeim hjónum, Emil og Ögn Randrup.

Eins og áður greinir, hefur lögmaður stefnanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., mótmælt, að vitninu Helga Emil Eysteinsyni væri leyft að staðfesta framburð sinn með eiði, gefinn í bæjarþingi Hafnarfjarðar 9. þ. m., þar sem vitnið hefði borið með tvennum hætti í málinu.

Á skoðun lögmanns stefnanda verður ekki með öllu fallizt um tvennskonar framburð vitnisins. Síðari framburður vitnisins má öllu heldur skoðast sem viðauki og skýringar á 10.000.00 króna greiðslunni til stefnanda, eftir því sem vitnið getur gert sér bezt grein fyrir því.

En þar sem vitnið er sonur meðstefndu frú Agnar Randrups, hálfbróðir stefnanda, og sem erfingi meðstefndu Agnar Randrups hefur það fjárhagslegra hagsmuna að gæta hér, og líklegt er af málinu, að missætti sé milli þess og stefnanda, þá telst varhugavert, að vitnið Helgi Emil Eysteinsson staðfesti framburð sinn með eiði, er gefinn var fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar 9. þ. m., sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. greinar laga nr. 85/1936.

Ber því ekki að gefa vitninu kost á að staðfesta framburð sinn með eiði.

#### Því úrskurðast:

Vitninu Helga Emil Eysteinsyni, Öldugötu 3 A, Hafnarfirði, skal ekki heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði, er gefinn var í bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 9. febrúar 1951.